

Dags eftirlits	26.7.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Ísfélag V.eyja Þórshöfn	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hafnarvegur 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6601691219	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Kristinn Lárusson	Staðsetning	664973,026 638339,856

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu en þrjár ábendingar voru gerðar (allar varðandi geymslu og meðhöndlun úrgangsolú). Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram en farið var yfir ábendingu sem kom fram í síðasta eftirliti sem var árið 2020.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá fiskimjölverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn. Rafn Jónsson verksmiðjustjóri og Kristinn Lárusson vinnslustjóri voru fulltrúar rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Ísfélag Vestmannaeyja á Þórshöfn er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 31.1.2014 en var breytt 6.3.2020. Það gildir til 31.1.2030.

Starfsleyfið heimilar að framleitt sé „fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskúrgangi, sem ætlaður er til endurvinnslu í verksmiðjunni. Verksmiðjunni er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 950 tonnum af hráefni á sólarhring, með möguleika á heimild fyrir framleiðslu úr allt að 1.100 tonnum á sólarhring.“ Ekki hefur verið óskað eftir heimild fyrir vinnslu á meiru en 950 tonnum á sólarhring.

Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi (Deiliskipulag hafnarsvæðisins á Þórshöfn).

Dagskrá:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Við eftirlitið var ekkert frávik opið en farið var yfir ábendingu sem kom fram í síðasta eftirliti, árið 2020, en hún var að „ekki skal geyma búnað innan þróar sem tengist henni ekki með beinum hætti en sjá mátti löndunarlagnir og annan búnað innan þróar.“ Samkvæmt rekstraraðila hefur verið tekið til í þrónni.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

4. Önnur mál

a) Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað á tilsettum tíma. TVN mælingum var ekki öllum skilað, en samkvæmt starfsleyfi er ekki krafa um að TVN mælingum sé skilað, heldur skulu „allar mælingar á TVN [...] vera aðgengilegar eftirlitsaðila.“ TVN mælingar sem ekki var skilað, voru skoðaðar og kom ekkert athugavert í ljós.

b) Upplýsingar úr kerfinu sem heldur utan um olíueyðslu katla o.fl. sem er forsenda þess að verksmiðjan er undanskilin gildissviði ETS kerfisins, voru skoðaðar. Olíunotkun var alltaf innan þeirra marka sem verksmiðjunni eru sett.

- c) Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila er stefnt á að skipta um neðsta hluta hráefnistankanna á næsta ári.
- d) Ekki voru tiltækar kvittanir fyrir tæmingu á olúgildru og skv. upplýsingum starfsmanns er hún losuð af rekstraraðila sjálfum og olía sett í bamba sem er svo skilað á söfnunarstöð sveitarfélagsins. Bent er á að það er ekki æskilegt fyrirkomulag og var rætt að rekstraraðili fái sérhæfðan þjónustuaðila til að tæma gildirur og minnka þannig óþarfa flutning og tilheyrandi hættu á slysum. Einnig var vörslu á úrgangsolíu ábótavant og er rekstraraðila bent á að tryggja að ekki sé hættu á að olía berist í niðurföll sem ekki eru tengd olúgildrum.

5. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð verksmiðjunnar.

Staðfest er að tiltekt hefur farið fram í lekavarnarþró en þó eru enn geymdar þar löndunarlagnir.

Ekkert athugavert sást, annað en það sem áður hefur komið fram í skýrslunni.


ÁBENDINGAR

- a) Rekstraraðila er bent á að halda saman kvittunum fyrir losun olú- og fitugildra eða móttöku á úrgangsolíu ef henni er skilað á söfnunarstöð sveitarfélagsins.
- b) Rekstraraðila er bent á að heppilegra sé að sérhæfður flutningsaðili tæmi olúgildirur, en að starfsmenn sjái um það og komi úrgangsolíu á söfnunarstöð sveitarfélagsins.
- c) Huga þarf betur að því að ekki sé hættu á að úrgangsolía komist í niðurföll sem ekki eru tengd olúskiljum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.08.2022


Freyr Ávarsson